

Minnisblað um vinnu á Skógarhólum vor 2019

Eggert Claessen Hjartarsson stjórnarmaður tók að sér að halda utan um framkvæmdir á Skógarhólum fyrir hönd stjórnar LH í samvinnu staðarhaldara.

Helstu framkvæmdir sem farið var í maí 2019

- Lagfæringar á salerni
- Endurnýjun á rafmagni og rafmagnsofnum
- Útihurðir lagaðar
- Vatnslagnir í beitarhólfum endurnýjaðar
- Hlið í beitarhólfum endurnýjuð
- Girðingar lagfærðar
- Viðhaldsvinna utanhús á Skógarhólum t.d. þakrennur og annað tilfallandi
- Stólar og borð í herbergjum og eldhúsi endurnýjað

Verkið var unnið á félagslegum grunni en efni var aðkeypt að hluta til.

Þeir sem lögðu til vinnuframlag og efni voru eftirfarandi:

- Ágúst Hafsteinsson og JÁ pípulagnir ehf. auk tveggja manna
- Róbert Gunnarsson og Aflmót byggingafélag ehf. auk tveggja manna
- Sveinn Aron Sveinsson
- Eggert Claessen
- Árni Guðmundsson staðarhaldari á Skógarhólum
- Bergdís Finnbogadóttir staðarhaldari á Skógarhólum

Þau fyrirtæki sem styrktu verkefnið voru:

- Byko (gáfu vatnslagnir)
- Hagblikk ehf. (gáfu þakrennur)
- Lífland ehf. (gáfu góðan afslátt á girðingarefni og hliðum)
- Málning hf. (gáfu afslátt á innimálningu)
- Steinull hf. (gáfu steinull)

Einnig var gerður samningur við ferðaþjónustufyrirtækið **In to the Glasier** um að það fái afnot af bílastæði við Skógarhóla á Þingvöllum gegn gjaldi. Leigunni fylgir leyfi til að leggja tveimur farartækjum á fyrirfram ákveðnum stað og afnot af neysluvatni til þvotta á farartækjunum.

Í haust verður haldið áfram með að þarfagreina áframhaldandi framkvæmdir á Skógarhólum og gerð kostnaðaráætlun í samræmi við það. Stefnt er á að standa að því að stofna Hollvinasamtök Skógarhóla sem munu vinna að uppbyggingu svæðisins í framhaldinu.

Stjórn LH þakkar þessum aðilum og fyrirtækjum fyrir kærlega hjálpina og stuðninginn.